

**Sp.**

**606. Þingsályktun**

[69. mál]

um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Bygðasjóðs á atvinnu- og byggðapróun í landinu.

(Afgreidd frá Sp. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Bygðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðapróun í landinu. Sérstaklega skal kannað, hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrennabyggðum hennar þau fimm ár, sem liðin eru frá því að lög nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi.

Niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar næsta reglulega Alþingi.